

**CONTOUR DIABETES App — Leyfissamningur
fyrir endanlega notendur**

Efnisyfirlit

CONTOUR DIABETES App — Leyfissamningur fyrir endanlega notendur...3

CONTOUR DIABETES App — Leyfissamningur fyrir endanlega notendur

Síðast uppfært: 1. mars 2019

CONTOUR™DIABETES farsímaforritið er þróað og starfrækt af Ascensia Diabetes Care Holdings AG, með höfuðstöðvar í Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss („Ascensia“, „við“, „okkur“ eða „okkar“).

Leyfissamningurinn fyrir endanlega notendur („EULA“ eða „leyfi“) er leyfissamningur milli þín, „notandans“, og Ascensia og kveður á um notkun þína á appinu. „App“ stendur fyrir hugbúnaðinn fyrir CONTOUR™DIABETES farsímaforritið, allt efni, tól, hjálpar skjöl og alla þjónustu sem er undir stjórn Ascensia og starfrækt er í tengslum við appið (saman kallað „þjónustan“). Notkun á þessu appi, sem felur í sér aðgang, flettingar eða skráningu í notkun á þessu appi, heyrir undir eftirfarandi leyfissamning fyrir endanlega notendur (og skjölin sem þar er vísað til).

MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á SAMÞYKKJA ERT ÞÚ AÐ (I) GEFA TIL KYNNA AÐ AÐGERÐIN ÞÍN SÉ RAFRÆN UNDIRSKRIFT UNDIR ÞETTA LEYFI MEÐ SAMA GILDI OG FRAMFYLGD OG HANDVIRK UNDIRSKRIFT, (II) STAÐFESTA OG ÁBYRGJAST AÐ ÞÚ SÉRT YFIR LÖGALDRI ÞANNIG AÐ ÞÚ HAFIR HÆFI TIL AÐ SAMÞYKKJA ÞETTA LEYFI OG (III) STAÐFESTA OG ÁBYRGJAST AÐ SKRÁNING ÞÍN OG NOTKUN Á ÞESSU APPI SÉ Í SAMRÆMI VIÐ ÖLL GILDANDI LÖG OG REGLUGERÐIR SEM EIGA VIÐ UM ÞIG.

Þetta app má nota með iOS (Apple) og Android (Google) snjallsímum en það er mögulega ekki samhæft við allar útgáfur stýrikerfa. Vinsamlegast kannaðu samhæfi við stýrikerfi þitt og síma áður en þú sækir appið. Þetta app er samhæft við CONTOUR™ vörusafn blóðsykursmæla („tengda Contour™-mæla“) og önnur Bluetooth tengd tæki eða aðrar vörur sem eiga að vera samhæfðar við Contour appið.

1. Leyfi. Sækja má appið, þar á meðal forritshugbúnaðinn og tengd hjálpar skjöl frá Ascensia, og setja það upp á einu eða fleiri fartækjum til að nota með tengdum Contour-mæli, þar á meðal öll tól, hjálpar skjöl og uppfærslur. Með fyrirvara um stöðuga fylgni þína við þennan leyfissamning fyrir endanlega notendur veitir Ascensia þér leyfi sem er takmarkað, felur ekki í sér einkarétt, er án rétthafagreidslna, er óframseljanlegt, má ekki veita undirleyfi fyrir og er afturkallanlegt, til að nota eitt eintak af appinu og öll tengd hjálpar skjöl á hvert fartæki sem þú átt eða stjórnar í persónulegri, óviðskiptatengdri notkun í löglegum tilgangi meðan á leyfistíma stendur. Veitt er leyfi fyrir þessu appi, það er ekki selt, af Ascensia til notkunar eingöngu samkvæmt skilmálum þessa leyfis og Ascensia áskilur sér öll réttindi sem eru ekki beinlínis veitt þér. Ascensia heldur eignarhaldi á öllum réttindum, tilkalli og hagsmunum í og gagnvart þessu appi. Að undanskildum takmörkuðum réttindum og leyfum sem beinlínis eru veitt samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur, er ekkert í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur sem veitir, með skírskotun, afsali, hindrun eða með öðrum leiðum, þér eða neinum öðrum þriðja aðila nein hugverkaréttindi eða önnur réttindi, tilkall eða hagsmuni í eða til hugverka Ascensia.

Þetta app getur innihaldið eða falið í sér hugbúnaðarhluta frá þriðja aðila sem eru tiltækir gjaldfrjálst samkvæmt leyfum sem veita viðtakendum almenn réttindi til að afrita, breyta og dreifa slíkum hlutum („opnir hugbúnaðarhlutir“). Þrátt fyrir að þetta app sé veitt þér samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur er ekkert í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur sem telst fyrirbyggja, takmarka eða á annan hátt koma í veg fyrir eða banna þér að fá slíka opna hugbúnaðarhluta samkvæmt gildandi leyfum frá þriðja aðila eða til að takmarka notkun þína á slíkum opnum hugbúnaðarhlutum samkvæmt þeim.

2. Leyfileg notkun og takmarkanir á appinu. Þetta app er veitt til heimilis- og einkanota eingöngu. Þú mátt nota þetta app með fleiri en einum tengdum Contour-mæli þar sem þú hefur notandareikning. Þú mátt ekki dreifa, leigja eða á annan hátt flytja appið né hjálpar skjöl, hvort sem er í heild sinni eða að hluta til, til neins þriðja aðila án fyrirliggjandi skriflegs samþykkis frá Ascensia. Þú mátt ekki veita undirleyfi, dreifa, birta, úthluta eða á annan hátt flytja eða gera tiltæk, að öllu leyti eða hluta til, þau réttindi sem Ascensia veitir þér samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur án fyrirliggjandi skriflegs samþykkis frá Ascensia. Ef þetta app er uppfærsla, verður allur flutningur að innifela uppfærsluna og allar fyrri útgáfur. Þú mátt ekki breyta, aðlaga eða þýða þetta app eða meðfylgjandi hjálpar skjöl. Þú mátt ekki breyta eða fjarlægja höfundarrétt eða aðrar tilkynningar um eignarrétt sem birtast á eða í þessu appi eða meðfylgjandi hjálpar skjölum. Þú mátt ekki hvetja til, leyfa eða láta þriðja aðila hermismíða, bakþýða, baksmala eða þýða þetta app, eða valda truflunum í eða sneiða

hjá neinum eiginleikum þessa apps eða hlutum þess, þar á meðal öryggis- eða aðgangsstýringum. Ef þér er bannað samkvæmt gildandi lögum að nota þetta app, mátt þú ekki nota það.

3. **Leyfistímabil, riftun.** Þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur er í gildi þar til honum er slitið af þér eða Ascensia. Þú getur lokað reikningi þínum hvenær sem er með því að nota valmöguleikann „Eyða reikningi“ í appinu eða hafa samband við þjónustuver með því að fara á <http://contact.ascensia.com>. Farir þú ekki eftir einhverjum skilmála þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur, er leyfi þitt og heimild frá okkur til að nota þetta app tafarlaust afturkölluð sjálfkrafa og þú samþykkir að misbrestur þinn á að fara eftir þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur muni þýða tafarlausan, óbætanlegan skaða fyrir Ascensia og leyfisveitendur þess þar sem fésektir gætu þótt videigandi úrræði og, að því marki sem gildandi lög leyfa, að Ascensia eigi rétt á sanngjörnum bóttum, nema þú getir sýnt fram á að enginn óbætanlegur skaði hafi átt sér stað. Ennfremur getur Ascensia, að eigin frumkvæði, lokað notandareikningi þínum í þjónustunni eða stöðvað eða rofið aðgang þinn að þessu appi hvenær sem er, ef þú brýtur gegn einhverjum ákvæða þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur og lætur ekki af broti þínu innan 14 daga. Við gætum einnig lokað notandareikningi þínum ef við hættum veitingu þessa apps, með eða án 30 daga fyrirvara. Ascensia gæti, við lokun á reikningi þínum eða við aðrar aðstæður, að eigin geðþótta, eytt öllum ópersónulegum gögnum sem þú hefur látið í té í gegnum þetta app eða veitt í gegnum þjónustuna. Ascensia mun, við lokun á reikningi þínum eða við aðrar aðstæður, eyða öllum persónulegum gögnum sem þú hefur látið í té í gegnum þetta app eða veitt í gegnum þjónustuna, nema þegar Ascensia er skylt samkvæmt lögum að varðveita þau. Við slit þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur skalt þú, á þína eigin ábyrgð og kostnað, tafarlaust eyða þessu appi af tækjum þínum.
4. **Endurbætur og uppfærslur.** Endrum og eins gæti Ascensia, að eigin geðþótta, veitt endurbætur, uppfærslur eða nýjar útgáfur af þessu appi, samkvæmt hefðbundnum skilmálum og skilyrðum sem þar gilda um. Þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur skal einnig gilda um slíkar endurbætur og uppfærslur.
5. **Aðgangur að þessu appi.** Við ábyrgjumst ekki að þetta app, eða neindir eiginleikar eða efni þess, muni ávallt vera í boði eða án truflana, og aðgangur þinn að þessu appi er leyfður á tímabundnum grundvelli. Við gætum stöðvað, afturkallað, hætt eða breytt öllu þessu appi eða hlutum þess án fyrirvara. Þú berð ábyrgð á að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo þú hafir aðgang að þessu appi og samþykkir að það er áhætta samfara hugbúnaði, vélbúnaði og nettengingu sem getur leitt af sér truflanir og villur í gögnunum sem eru send eða birt með þessu appi, óháð ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að milda eða forðast slíkar kringumstæður.

Þú berð einnig ábyrgð á að tryggja að allir einstaklingar sem aðgang hafa að þessu appi í gegnum þína nettengingu séu meðvitaðir um þennan leyfissamning fyrir endanlega notendur og aðra gildandi skilmála og að þeir fari eftir þeim.

6. **Skráning.** Þú verður að skrá þig og setja upp reikning til að nota þetta app. Þegar þú hefur sett upp reikning verða gögn þín geymd í skýinu. Reikningur fyrir geymslu í skýinu mun gera þér kleift að geyma gögn sem aflað er í gegnum þetta app, þar á meðal persónuupplýsingar, blóðsykursgögn og mælingar úr tengda Contour-mælinum þínum svo þú getir komist í þau síðar. Ef þú vilt, eða þú færð, auðkenningarkóða notanda, aðgangsorð eða aðrar upplýsingar sem eru hluti af öryggisferlum okkar, verður þú að umgangast slíkar upplýsingar af trúnaði. Þú mátt ekki afhenda þær neinum þriðja aðila.

Veiting þjónustunnar er háð samþykki þínu og fylgni við skilmála þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur. Þér er aðeins leyfilegt að setja upp einn þjónustureikning fyrir hvern notanda og Ascensia áskilur sér rétt til að takmarka fjölda tækja sem tengjast reikningi. Þú samþykkir að það er á þína ábyrgð að uppfylla þessar kröfur og að þú berir ábyrgð á að fá og viðhalda öllum nettengingum (gjaldskrá gæti gilt), tölvunarbúnaði og aðföngum sem þarf til að þú getir tekið á móti, haft aðgang að og notað þjónustuna. Þú samþykkir að nota þjónustuna aðeins eins og beint er kveðið á um hér. Ascensia, hlutdeildarfélög þess og birgjar halda eignarrétti á öllum réttindum, tilkalli og hagsmunum í og gagnvart þessari þjónustu.

Þegar þú hefur skráð þig samþykkir þú að þau gögn sem þú sendir við notkun á þessu appi eigi aðeins við um þig. Þú gengst við og samþykkir að þessi þjónusta er hönnuð og ætluð til persónulegra nota á einstaklingsgrundvelli og að þú eigir ekki að deila reikningi þínum og/eða upplýsingum um aðgangsorð með neinum öðrum einstaklingi. Ef annar einstaklingur óskar eftir því að nota þetta app, skal sá einstaklingur sækja þetta app sjálfur í sitt tæki og samþykkja leyfissamning fyrir endanlega notendur sérstaklega fyrir sig.

Eingöngu þú berð ábyrgð á því að halda trúnað og gæta öryggis reiknings þíns í appinu og á öllum aðgerðum sem eiga sér stað á honum og í gegnum hann. Við höfum rétt á því hvenær sem er að afvirkja sérhvern auðkenningarkóða eða aðgangsorð, hvort sem þú hefur valið það eða við úthlutað því, ef við teljum á sanngjarnan hátt að þú hafir ekki uppfyllt eitthvert af ákvæðum þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur.

Ef þú veist eða grunar að einhver annar en þú viti auðkenningarkóða þinn eða aðgangsorð, verður þú tafarlaust að tilkynna okkur um það með því að hafa samband við þjónustudeild með því að fara á <http://contact.ascensia.com>.

7. **Takmarkanir á notkun þjónustunnar:** Þú samþykkir að nota þjónustuna aðeins í þeim tilgangi sem þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur heimilar og aðeins að því marki sem leyfilegt er samkvæmt öllum gildandi lögum, reglugerðum eða almennt viðurkenndum venjum í viðkomandi lögsögu. Ef notkun þín á þjónustunni eða annað atferli, hvort sem er óviljandi eða viljandi, stofnar getu okkar til að veita þjónustuna í hættu, er okkur heimilt að grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að vernda þjónustuna, þar á meðal að loka fyrir aðgang þinn að þjónustunni. Ekkert í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur skal túlka þannig að þér séu látnir í té neinir hagsmunir, tilkall eða leyfi til þjónustureiknings eða svipaðs tilfangs sem þú notar í tengslum við þjónustuna. Þú samþykkir að þú munir ekki endurskapa, afrita, fjölfalda, selja, endurselja, leigja eða skipta á þjónustunni (eða neinum hluta hennar) í neinum tilgangi.
8. **Gagnanotkun:** Þú heldur eignarrétti yfir öllum persónulegum gögnum sem hlaðið er upp í gegnum þetta app og geymd eru í þjónustunni og berð ábyrgð á efni og nákvæmni þeirra upplýsinga sem þú veitir Ascensia, sem og á því að brjóta ekki gegn neinum réttindum þriðja aðila sem geta falist í slíkum gögnum. Þar sem lög á viðkomandi stað leyfa veitir þú Ascensia, með notkun þinni á þjónustunni, alþjóðlegt, þóknunarlaust og almennt leyfi til að nota, dreifa, endurskapa, breyta, aðlaga, gefa út, þýða, stofna, nota og varðveita tæknileg gögn og upplýsingar þar að lútandi - þar á meðal en ekki eingöngu, tæknilegar upplýsingar um tæki þitt, kerfi og forritshugbúnað og jaðartæki - sem er reglulega safnað til að auðvelda veitingu til þín á hugbúnaðaruppfærslum, vörustuðningi og annarri þjónustu (ef á við) sem tengist appinu, og til að vakta og skjalfesta aðgerðir þínar þegar þú notar appið, þar á meðal í greiningartilgangi. Ascensia gæti notað þessar upplýsingar, svo lengi sem þær eru á sniði sem auðkennir þig ekki persónulega, til að bæta vörur sínar eða veita þér þjónustu eða tækni, eins og kveðið er á um í persónuverndarstefnu appsins okkar.
9. **Upplýsingar um staðsetningu:** Á meðan á skráningarferli appsins stendur munum við biðja þig um að virkja ákveðna eiginleika í fartæki þínu til að gera Ascensia kleift að fá nákvæma eða nokkurn veginn rétta landfræðilega staðsetningu þína sem er fengin úr tæki þínu eða tengdum Contour-mæli þínum í gegnum IP-tölu eða GPS, farsíma-, Wi-Fi eða Bluetooth-merki, eftir tiltækileika. Þú getur einnig virkjað öflun okkar á staðsetningargögnum í stillingum tækisins. Samþykkir þú slíka öflun munum við nota þessar upplýsingar til að bæta vörur okkar og þjónustu, þar á meðal fyrir aðferðir okkar við staðsetningu mælisins. Vinsamlegast sjáðu persónuverndarstefnu fyrir appið okkar varðandi þær upplýsingar sem Ascensia safnar og hvernig það notar og birtir slíkar upplýsingar.
10. **Notendur iOS:** Á meðan á skráningarferli appsins stendur munum við biðja þig um að veita Ascensia aðgang að Health appinu frá Apple Inc. („Apple“) á tæki þínu, þar á meðal aðgang að gagnagrunni Health appsins frá Apple „HealthKit“, innan þess apps, í þeim tilgangi að efla og/eða staðfesta gögnin sem unnið er með í appinu okkar. Í persónuverndarstefnu okkar fyrir appið er kveðið á um þær persónuupplýsingar sem appið okkar hefur aðgang að og hvernig appið notar þær. Þú getur hvenær sem er slökkt á aðganginum eða stillt hvaða gögnum Apple Health appið og appið okkar deila, í leyfisstillingum Health appsins í tækinu þínu.
11. **Bann:** Þú samþykkir að þú munir EKKI nota þetta app eða þjónustureikning, beint eða óbeint, til að:
 - a. hlaða upp, sækja, senda með tölvupósti, dreifa, geyma eða á annan hátt gera aðgengileg nein gögn sem eru ólögleg, skaðleg, valda tjóni, brjóta á einkalífi annarra eða eru á annan hátt ámælisverð,
 - b. aðhafast neitt sviksamlegt, þar á meðal að látast vera einhver annar eða villa á þér heimildir eða þykjast vera á öðrum aldri, senda gögn frá mæli annars einstaklings eða skaða aðra, eða á annan hátt rangfæra tengsl þín við annan einstakling, þar á meðal ólöggráða einstakling (Ascensia áskilur sér rétt til að hafna eða loka fyrir tæki eða netföng sem gætu talist vera tilraun til að villa á sér heimildir eða vera rangfærsla á því hver þú ert, eða misnotkun á nafni eða auðkenni annars einstaklings),
 - c. hlaða upp, sækja, senda með tölvupósti, dreifa, geyma eða á annan hátt gera aðgengileg nein gögn eða aðrar upplýsingar frá neinum einstaklingi sem er undir lögræðisaldri,
 - d. taka þátt í brotum gegn höfundarrétti eða brotum gegn öðrum hugverkaréttindum (þar á meðal að hlaða upp neinu efni sem þú hefur ekki rétt til að hlaða upp), eða birta nein viðskiptaleyndarmál eða trúnaðarupplýsingar sem brjóta gegn trúnaði, ráðningu eða trúnaðarsamningi,
 - e. birta, senda, dreifa eða á annan hátt gera aðgengileg nein óleyfileg tölvupóstskilaboð, ruslpóst eða keðjubréf, þar á meðal, án takmarkana, fjöldaauglýsingar og tilkynningar,
 - f. hlaða upp, birta, senda með tölvupósti, dreifa, geyma eða á annan hátt gera aðgengilegt neitt efni sem inniheldur vírusa eða aðra tölvukóða, skrár eða forrit sem ætlað er að skaða, trufla eða takmarka eðlilega starfsemi appsins (eða einhvern hluta þess) eða nokkurn annan tölvuhugbúnað eða vélbúnað,

- g. trufla eða rjúfa appið (þar á meðal aðgang að appinu með sjálfvirkum hætti, eins og með forskriftum eða vefskriðlum), eða nokkra netþjóna eða netkerfi sem tengd eru appinu, eða neinar stefnur, kröfur eða reglur netkerfa sem tengd eru appinu (þar á meðal allur óleyfilegur aðgangur að, notkun eða vöktun á gögnum eða umferð um þau),
- h. safna og geyma persónuupplýsingar um aðra notendur appsins sem nota á í tengslum við eitthvað af áður nefndu bönnuðu athæfi,
- i. brjóta gegn nokkrum réttindum þriðja aðila, þar á meðal að brjóta á eða misnota nokkur hugverkaréttindi þriðja aðila, eða brjóta gegn einkalífi nokkurs þriðja aðila,
- j. breyta, þýða eða búa til afleidd verk, aðlaganir eða vistþýðingar á, eða á grundvelli þessa apps eða hluta þess eða nota, afrita, endurskapa þetta app eða nokkurn hluta þess, á annan hátt en beinlínis er kveðið á um í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur,
- k. úthluta, veita undirleyfi fyrir, leigja, selja, veita tryggingu á efndum í, eða á annan hátt flytja aðganginn sem veittur er samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur, eða nokkur réttindi eða hæfni til að skoða, hafa aðgang að eða nota nokkurt Ascensia efni, og/eða
- l. reyna að aðhafast eitthvað af því sem lýst er í þessum hluta 11, eða aðstoða, hvetja eða leyfa nokkrum einstaklingi að aðhafast nokkuð af því sem lýst er í þessum hluta 11.

12. Hugverkaréttindi. Allt sjónrænt viðmót, myndvinnsla, hönnun, vistþýðing, upplýsingar, gögn, tölvukóði (þar á meðal frumkóði eða viðfangskóði), vörur, hugbúnaður, þjónusta, ítarupplýsingar, skjöl, teikningar, efni sem gefið er út í þessu appi og allar aðrar einingar þessa apps („efni“) eru að öllu leyti eign Ascensia og þriðju aðila leyfisveitenda okkar og er allt varið af hugverkaréttindum og öðrum lögum. Þér er ekki heimilt að nota neitt af þessu efni í viðskiptalegum tilgangi án þess að fá leyfi frá okkur til þess eða frá leyfisveitendum okkar. Öll leyfi til að nota efnið eru veitt gegn því skilyrði að viðeigandi höfundaréttarhugasemd og eignarmerkingar sé að finna á öllum afritum, að slíkt efni sé aðeins notað í persónulegum tilgangi, að efnið sé ekki misnotað í viðskiptalegum tilgangi, að efninu sé ekki breytt á nokkurn hátt og að allar teikningar sem fengnar eru úr þessu appi séu aðeins notaðar ásamt meðfylgjandi texta.

Ascensia er leyfisveitandi eða leyfishafi allra hugverkaréttinda í þessu appi og í efninu, nema að um annað sé getið eða megi skiljast á annan hátt sem réttindi þriðja aðila. Þetta app og efnið er verndað af lögum og sáttmálum um hugverkaréttindi um allan heim og öll óleyfileg notkun á þeim er stranglega bönnuð. Öll slík réttindi eru áskilin.

- 13. Öryggisafrit.** Ascensia ber enga ábyrgð á varðveislu/geymslu eða afritun á neinum upplýsingum eða gögnum sem þú býrð til með notkun þess apps. Eingöngu þú berð ábyrgð á varðveislu/viðhaldi/geymslu og afritun (rafrænni og/eða með útprentunum) á öllum gögnum sem þú vilt varðveita til notkunar í framtíðinni eða af öðrum ástæðum. Ef þú kýst að deila upplýsingum þínum í gegnum tölvupóst, afrit eða á annan hátt með þriðju aðilum, eru þær upplýsingar mögulega ekki dulkóðaðar og Ascensia hefur enga möguleika á að tryggja persónuvernd eða öryggi þeirra upplýsinga. Þú ættir að grípa til þeirra ráðstafana sem þú telur að séu viðeigandi til að vernda öryggi upplýsinga þinna. Kjósir þú að loka þjónustureikningi þínum getur það tekið okkur allt að 30 daga að eyða reikningi þínum og annaðhvort eyða eða gera upplýsingarnar nafnlausar eða órekjanlegar til þín. Að því undanskildu að lög kveði á um annað samþykkir þú að þjónustureikningur þinn sé óframseljanlegur og að öllum réttindum til gagna sem geymd eru á reikningi þínum sé slitið við fráfall þitt. Við móttöku á afriti af dánarvottorði mun reikningi þínum lokað og öllum gögnum á honum eytt.
- 14. Ekkert traust á upplýsingar.** Ascensia hefur vistþýtt þær ítarlegu upplýsingar sem veittar eru í þessu appi frá innri og ytri veitum samkvæmt bestu vitund og tiltrú, með faglegri kostgæfni. Við gerum stöðugt sanngjarnar ráðstafanir til að stækka og uppfæra þetta safn upplýsinga. Upplýsingarnar í þessu appi eru einvörðungu til bjóða Ascensia, vörur þess og þjónustu og til almennra upplýsinga. Þeim er ekki ætlað að vera ráðleggingar sem þú átt að treysta á. Við mælum með því að þú fái ráðleggingar frá fagaðilum eða sérfræðingum áður en þú grípur til, eða grípur ekki til, aðgerða á grundvelli efnisins í þessu appi.

Ascensia setur ekki fram neinar fullyrðingar um, ábyrgist eða tryggist (beint eða óbeint) að efnið í þessu appi sé nákvæmt, tæmandi eða uppfært. Þess vegna mælum við með því að þú staðfestir réttmæti og heilleika allra upplýsinga sem þú færð úr þessu appi áður en þú notar þær á nokkru formi. Upplýsingar sem veittar eru í þessu appi leysa þig ekki undan skyldu þinni um að gera þínar eigin athuganir á þessu appi og/eða öryggisgagnablöðum og tæknilýsingum fyrir vörur okkar og með tilliti til hentugleika þeirra fyrir tilætluð ferli og tilgang. Þurfir þú einhverjar ráðleggingar eða leiðbeiningar varðandi vörur okkar eða þjónustu, vinsamlegast hafðu samband við okkur beint. Þú samþykkir að aðgangur þinn að þessu appi og efni þess sé á þína eigin áhættu.

- 15. Persónuvernd og öryggi.** Persónuverndarstefnan gildir um notkun á þessu appi, þar á meðal öllum gögnum sem þú sendir í appið og upplýsingum um þig sem birtast í þessu appi. Með því að nota þetta app gengst þú við og samþykkir að sendingar á internetinu séu aldrei fyllilega varðar eða öruggar. Þú skilur að allar upplýsingar sem þú sendir eða birtir með þessu appi verða mögulega lesnar eða móttæknar af öðrum, jafnvel þótt tiltekin sending sé dulkóðuð.
- 16. Engin læknisfræðileg ráð. ÞETTA APP ER AÐEINS TIL UPPLÝSINGA. ÞETTA APP KEMUR EKKI STAÐINN FYRIR FAGLEGAR LÆKNISFRÆÐILEGAR RÁÐLEGGINGAR, GREININGU, MEÐFERÐ EÐA NEYÐARINNGRIP EÐA SENDINGAR Á GÖGNUM SEM LIGGUR Á. NOTENDUR SKULU ÁVALLT LEITA RÁÐA HJÁ VEITENDUM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU HAFI ÞEIR EINHVERJAR SPURNINGAR ER VARÐA HEILSUFARSLEGT ÁSTAND ÞEIRRA. ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ EKKI SKULI NOTA ÞETTA APP TIL AÐ TAKA LÆKNISFRÆÐILEGAR ÁKVARÐANIR. NOTENDUR SKULU ALDREI VIRÐA AÐ VETTUGI FAGLEGAR LÆKNISFRÆÐILEGAR RÁÐLEGGINGAR EÐA DRAGA ÞAÐ AÐ LEITA EFTIR ÞEIM VEGNA UPPLÝSINGANNA Í ÞESSU APPI.** Það getur gerst að blóðsykursmagn notanda fari upp eða niður að því marki sem telst mjög hátt eða mjög lágt. Það getur líka gerst að einstaklingar upplifi aðrar breytingar á sínu heilsufarsástandi sem tengjast sykursýki. Notendur skulu ávallt fylgja ráðleggingum frá sinni heilbrigðisþjónustu í tengslum við blóðsykursmælingar sínar sem eru annaðhvort of háar eða of lágar og hvað varðar aðrar breytingar á sínu heilsufarsástandi sem tengjast sykursýki. Þetta app er hannað til að hjálpa notendum að hafa betri stjórn á sinni sykursýki. Notendur bera ábyrgð á að láta vita af blóðsykursstöðu sinni og öðrum upplýsingum sem tengjast sykursýki og á að leita viðeigandi læknishjálpar. **ÞÚ BERÐ ALLA ÁBYRGÐ Á NOTKUN ÞÍNNI Á ÞESU APPI OG Á ÖLLUM ÁKVÖRDUNUM UM AÐ GRÍPA EÐA GRÍPA EKKI TIL AÐGERÐA Á GRUNDEVILLI ÞEIRRA UPPLÝSINGA SEM VEITTAÐ ERU EÐA BIRTAST Í ÞESSU APPI. NOTKUN Á ÞESSU APPI ER ALFARIÐ ÞÍN ÁKVÖRDUN OG ÁHÆTTA. HVORKI ASCENSIA, NÉ NEITT AF HLUTDEILDARFÉLÖGUM ÞESS OG LEYFISVEITENDUR, BERA ÁBYRGÐ Á EÐA ERU SKAÐABÓTASKYLD FYRIR NEINNI GREININGU, ÁKVÖRDUN EÐA MATI NOTANDA EÐA NEINS LÍKAMSTJÓNS SEM NOTANDI GÆTI ORÐIÐ FYRIR VEGNA ÁKVARÐANA SEM TEKNAR ERU Á GRUNDEVILLI UPPLÝSINGA SEM FENGNAÐ ERU Í GEGNUM EÐA ERU BIRTAR Í ÞESSU APPI EÐA Í ÖÐRU EFNI ÞESSA APPS OG FYLGISKJÖLUM.**
- 17. Fyrirvari. ÞÚ GENGST VIÐ OG SAMÞYKKIR AÐ ÖLL NOTKUN ÞÍN Á ÞESSU APPI ER ALFARIÐ Á ÞÍNA EIGIN ÁHÆTTU OG AÐ ÖLL ÁHÆTTA VARÐANDI VIÐUNANDI GÆÐI, AFKÖST, NÁKVÆMNI OG AFRAKSTUR LIGGUR HJÁ ÞÉR. UPPSETNING Á ÞESSU APPI GETUR HAFT ÁHRIF Á NOTHÆFI Á ÖPPUM FRÁ ÞRÍÐJA AÐILA. ÞETTA APP ER Í BOÐI Í „SINNI NÚVERANDI MYND“ OG ÞJÓNUSTAN „EFTIR TILTÆKILEIKA“ OG ALLIR GALLAR ERU ÁN NOKKURRAR ÁBYRGÐAR, HVORKI BEINNAR NÉ ÓBEINNAR, AÐ UNÐANSKILDUM SVIKUM OG SVIKSAMLEGUM RANGFÆRSLUM. ASCENSIA, ÖLL HLUTDEILDARFÉLÖG, BIRGJAR, LEYFISHAFAR OG FULLTRÚAR ÞESS, AFSALA SÉR BEINT, OG ÞÚ AFSALAR ÞÉR HÉR MEÐ BEINT, ÖLLUM SKILYRÐUM, ÁBYRGÐUM, UMBOÐUM, BEINUM, ÓBEINUM EÐA LÖGBUNÐNUM SEM GÆTU ÁTT VIÐ ÞETTA APP EÐA BIRTAR UPPLÝSINGAR EÐA EFNI Í ÞVÍ, ÞAR Á MEÐAL EN EKKI EINGÖNGU, BEINUM ÁBYRGÐUM Á SELJANLEIKA, VIÐUNANDI GÆÐUM, HÆFI FYRIR TILTEKINN TILGANG, NÁKVÆMNI, ÓTRUFLUÐUM AFNOTUM, VÍRUSLEYSI, AÐ BRJÓTA EKKI GEGN RÉTTINDUM ÞRÍÐJA AÐILA OG ALLRI ÁBYRGÐ SEM FELLUR TIL VEGNA FRAMFERÐIS, NOTKUNAR EÐA VIÐSKIPTA. ASCENSIA ÁBYRGIST EKKI AÐ ENGAR TRUFLANIR VERÐI Á NOTKUN EÐA AFNOTUM ÞÍNUM Á ÞESSU APPI EÐA AÐ VIRKNI ÞESSA APPS MUNI UPPFYLLA KRÖFUR ÞÍNAR, AÐ STARFSEMI ÞESSA APPS VERÐI ÓTRUFLUÐ, ÖRUGG EÐA VILLULAUS, EÐA AÐ ÁGALLAR Í ÞESSU APPI VERÐI LEIÐRÉTTIR. ENGAR MUNNLEGAR EÐA SKRIFLEGAR UPPLÝSINGAR EÐA RÁÐLEGGINGAR FRÁ ASCENSIA, HLUTDEILDARFÉLÖGUM ÞESS, BIRGJUM, LEYFISHÖFUM EÐA FULLTRÚUM ÞESS SKULU STOFNA TIL ÁBYRGÐAR. REYNIST ÞETTA APP VERA ÓFULLNÆGJANDI BERÐ ÞÚ ALLAN KOSTNAÐ VIÐ NAUÐSYNLEGT VIÐHALD, VIÐGERÐIR EÐA LEIÐRÉTTINGAR. EINHVERJAR LÖGSÖGUR LEYFA EKKI ÚTILOKUN Á BEINNI ÁBYRGÐ EÐA TAKMARKANIR Á GILDANDI LÖGBUNÐNUM RÉTTINDUM NEYTENDA, ÞANNIG AÐ OFANGREINDAR ÚTILOKANIR OG TAKMARKANIR EIGA MÖGULEGA EKKI VIÐ UM ÞIG. ÁÐURGREINDUR FYRIRVARI UM ÁBYRGÐ GILDIR UM ÞETTA APP OG EKKI UM NEINA AÐRA TENGDA CONTOUR-MÆLA. HVER TENGÐUR CONTOUR-MÆLIR HEYRIR UNDIR ÁKVÆÐI OG SKILMÁLA ÞEIRRAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR SEM FYLGIR MÆLINUM.**

18. Eftirfarandi á við um notendur innan ESB: Þetta app er í boði í „sinni núverandi mynd“ og þjónustan „eftir tiltækileika“ með ákveðnum niðurtíma. Ascensia lofar engu um tiltekið þjónustustig samkvæmt þessum skilmálum. Ascensia leitar allra leiða til að lágmarka niðurtíma með tilliti til appsins og þjónustunnar. Ascensia útilokar allar ábyrgðir og skal aðeins vera skaðabótaskyld gagnvart ágöllum sem eru huldur á sviksamlegan hátt.

19. Takmörkuð ábyrgð: Ekkert í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur útilokar eða takmarkar ábyrgð okkar á dauða eða líkamstjóni sem tilkomið er vegna vanrækslu okkar, eða á svikum okkar eða sviksamlegum rangfærslum, eða neina aðra ábyrgð sem lög leyfa ekki að sé útilokuð eða takmörkuð. Að því undanskildu að gildandi lög kveði á um annað, er ábyrgð Ascensia, hlutdeildarfélag þess, stjórnenda, yfirmanna, starfsfólks, birgja, leyfishafa og fulltrúa á öllu beinu eða óbeinu, fyrirsjáanlegu eða ófyrirsjáanlegu, tilfallandi, sérstöku, refsiverðu, dæmigerðu eða ódæmigerðu eða afleiddu tjóni eða tapi á hagnaði, hvort sem það er vegna misgjörðar (þar á meðal vanrækslu), samningsbrots, lagabóða, sakar í tengslum við stofnun samnings, óvéfengjanlegs brots gegn skyldu eða öðrum lagalegum hutökum, sem tilkomin er eða í tengslum við:

- aðgang eða notkun á, eða vangetu til að nota, þetta app, eða
- aðgang að eða notkun eða tiltrú á innihaldi eða efni sem birtist í eða er tiltækt í gegnum þetta app

hér með útilokuð að því undanskildu að tjónið hafi verið af völdum Ascensia, annaðhvort vísitandi eða vegna vítaverðrar vanrækslu.

Þetta app er veitt til heimilis- og einkanota eingöngu. Þú samþykkir að nota þetta app ekki í neinum markaðslegum eða viðskiptalegum tilgangi og við berum enga ábyrgð gagnvart þér á neinu tapi á hagnaði, töpuðum viðskiptum, truflun á viðskiptum, viðskiptatekifærum eða viðskiptaupplýsingum, né heldur skal Ascensia, hlutdeildarfélag þess, birgjar, leyfishafar eða fulltrúar bera ábyrgð á neinu tilfallandi, refsibótatengdu, afleiddu, sérstöku eða óbeinu tjóni af neinu tagi.

Ascensia, hlutdeildarfélag þess, birgjar, leyfishafar eða fulltrúar munu ekki bera ábyrgð á neinu tapi eða tjóni af völdum vírusa, óleyfilegrar notkunar á reikningi þínum, atlögu að þjónustumiðlun eða annars tæknilega skaðlegs efnis sem gæti smitað fartæki þitt, spjaldtölvu eða annan tölvubúnað, tölvuforrit, gögn eða annað eignarréttarvarið efni vegna notkunar þinnar á þessu appi eða vegna niðurbrots þíns á efni í því eða á vefsvæði sem tengist því, né á neinu athæfi eða atviki sem við getum ekki haft sanngjarna stjórn á, þar á meðal bilun í fjarskiptum, að undanskilinni vítaverðri vanrækslu eða vísitandi misferli af hálfu Ascensia. Að því marki sem lög leyfa munum við ekki bera ábyrgð gagnvart þér á neinni ástæðu þess að appið (eða nokkur eiginleiki þess) sé ótiltækt á einhverjum tíma eða tímabili.

ÞRÁTT FYRIR ALLT TAP SEM ÞÚ GÆTIR ORÐIÐ FYRIR, SKAL ÖLL ÁBYRGÐ ASCENSIA, HLUTDEILDARFÉLAGA ÞESS, ARFTAKA, LEYFISHAFA, BIRGJA EÐA FULLTRÚA SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ÞESSA LEYFISSAMNINGS FYRIR ENDANLEGA NOTENDUR OG EINSKORÐUÐ ÚRRÆÐI ÞÍN TAKMARKAST VIÐ LAGFÆRINGU, VIÐGERÐ EÐA ANNARS KONAR LEIÐRÉTTINGAR Á ÖLLUM ÁGÖLLUM APPSINS. EKKERT Í ÞESSARI KLÁSÚLU SKAL TELJAST ÚTILOKA NEINA ÁBYRGÐ SEM EKKI ER HÆGT AÐ ÚTILOKA EÐA TAKMARKA EÐA ER Í BOÐI FYRIR NOTANDA SAMKVÆMT LÖGUM RÍKIS ÞESS NOTANDA.

HVERJU ÁKVÆÐI ÞESSA LEYFISSAMNINGS FYRIR ENDANLEGA NOTENDUR SEM GERIR RÁÐ FYRIR TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ, FYRIRVARA UM ÁBYRGÐ EÐA ÚTILOKUN Á SKAÐABÓTUM ER ÆTLAÐ AÐ ÚTHLUTA ÁHÆTTUNNI MILLI SAMNINGSADILANNA SAMKVÆMT ÞESSUM LEYFISSAMNINGI FYRIR ENDANLEGA NOTENDUR, OG GERIR ÞAÐ Í RAUN. ÞESSI ÚTHLUTUN ER NAUÐSYNLEGUR ÞÁTTUR ÞESS GRUNDVALLAR SEM SAMKOMULAGIÐ MILLI SAMNINGSADILANNA HVÍLIR Á. HVERT ÞESSARA ÁKVÆÐA ER AÐSKILJANLEGT OG ÓHÁÐ ÖÐRUM ÁKVÆÐUM ÞESSA LEYFISSAMNINGS FYRIR ENDANLEGA NOTENDUR. TAKMARKANIRNAR Í ÞESSUM HLUTA 19 MUNU GILDA, JAFNVEL ÞÓTT EITTHVERT TAKMARKAÐ ÚRRÆÐI BREGÐIST SÍNUM EÐLISLÆGA TILGANGI.

Fyrir notendur í Þýskalandi:

Ascensia skal aðeins bera ábyrgð á tjóni af völdum vítaverðrar vanrækslu eða ásetnings. Öll önnur ábyrgð Ascensia á tjóni er útilokuð. Áðurgreindar takmarkanir á ábyrgð skulu ekki eiga við um neina tilskipaða og lögbundna ábyrgð, nánar tiltekið um ábyrgð samkvæmt lögum um vöruábyrgð í Þýskalandi (Produkthaftungsgesetz). Ennfremur skulu takmarkanir á ábyrgð ekki gilda ef og að því marki sem Ascensia hefur tekið á sig sértæka ábyrgð.

- 20. Tilkynning um neytendavernd.** Vinsamlegast athugaðu að ef þú ert neytandi er takmörkunum í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur aðeins ætlað vera eins viðtækar og ítarlegar og lög leyfa í lögsögu búsetu þinnar.
- **Lagalegur fyrirvari fyrir íbúa í New Jersey.** Engin ákvæði í þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur skulu gilda um neinn neytanda í New Jersey ef ákvæðatakmarkanir ráða bót á/samkvæmt: (i) verknæði Ascensia sem tjón hlýst af (t.d. vanrækslu, misbrestir á því að sýna eðlilega aðgæslu, misbrestir á því að forðast að stofna til óeðlilegrar áhættu á skaða, (ii) lögum um vöruábyrgð í New Jersey, N.J.S.A. 2A:58C-1, eftirfarandi (þ.e. lögbundinni skyldu um að framleiða ekki né selja hættulegar vörur, að viðlögðum mögulegum skaðabótum vegna brota þar að lútandi, (iii) lögum um refsibætur í New Jersey, N.J.S.A. 2A:15-5.9, eftirfarandi (þ.e., lögbundnum réttindum á að leita eftir refsibótum ef það kemur til skaða vegna raunverulegs illvilja, tilefnislausrar og viljandi vanrækslu, gáleysislegs skeytingarleysis, (iv) lögum um samræmd viðskipti í New Jersey (þ.e. ítarlegu lögbundnu fyrirkomulagi sem kveður á um réttindi og skyldur kaupenda og seljenda með tilliti til samninga um sölu á vörum, að viðlögðum mögulegum skaðabótum vegna efnahagslegs og eignatengds skaða), og (v) misbrestir Ascensia á að verjast á sanngjarnan hátt skaða vegna tiltekins glæpsamlegs atferlis þriðju aðila (t.d. tölvuhökkunar og auðkennisþjófnaðar, samkvæmt Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna og eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta í Bandaríkjunum og, og sem heyrir undir lög um varnir gegn auðkennisþjófnaði í New Jersey, N.J.S.A. 56:8-161, eftirfarandi, og lögum um neytendasvik í New Jersey, N.J.S.A. 56:8-3, eftirfarandi). Með tilliti til þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur gilda þau ákvæði er varða útilokun eða takmörkun á ákveðnu tjóni ekki í New Jersey með tilliti til lögbundinna skaðabóta, refsibóta, taps á gögnum og taps eða tjóns á eignum.
 - **Lagalegur fyrirvari fyrir íbúa í Kaliforníu.** Ef þú hefur búsetu í Kaliforníu, getur þú, samkvæmt lögum um einkarétt í Kaliforníu nr. 1789.3, haft samband skriflega við kvartanadeild neytendabjónustu hjá Neytendasamtökunum í Kaliforníu á 1625 N. Market Blvd., Suite S-202, Sacramento, California 95834, eða í síma (800) 952-5210 til að fá afgreiðslu á kvörtun varðandi þetta app eða fá frekari upplýsingar um notkun á þessu appi.
- 21. Vefsvæði með innskráningu: aðgangsréttindi.** Vinsamlegast athugaðu að þér er skylt að vernda aðgangsréttindi þín gagnvart óleyfilegri notkun þriðja aðila og að þú verður að tryggja að aðrir geti ekki notað þau án þíns leyfis. Þú skalt tilkynna Ascensia um það tafarlaust ef þú kemst á snóðir um að öryggisbrot hafi verið framið með tilliti til upplýsinga sem eru tiltækar í þessu appi eða ef heimildarlausir einstaklingar hafa komist yfir aðgangsréttindi þín eða ef þú hefur vísbendingar um að slíkur aðgangur gæti orðið mögulegur.
- 22. Tenglar á vefsvæði þriðju aðila.** Ákveðir þú að tengja þetta app við vefsvæði eða tengla þriðja aðila tekur Ascensia enga ábyrgð á innihaldi vefsvæða eða annarri netþjónustu sem tengd er við þetta app. Slíkir tenglar skulu ekki túlkaðir sem svo að við styðjum þessi tengdu vefsvæði og Ascensia mun ekki bera ábyrgð á neinu tapi eða tjóni sem gæti verið tilkomið vegna notkunar þinnar á þeim.
- 23. Alþjóðlegir notendur.** Vinsamlegast athugaðu að þetta app er mögulega ekki í boði fyrir neytendur í ákveðnum löndum vegna lagalegra takmarkana. Ef þú reynir að sækja þetta app og þú hefur búsetu í landi þar sem þetta app er ekki samþykkt til notkunar getur þú mögulega ekki sótt appið. Vörur sem nefndar eru í þessu appi koma mögulega í öðrum umbúðum, í öðrum umbúðastærðum eða með öðru letri eða merkingum, allt eftir viðkomandi landi. Ascensia setur ekki fram neinar fullyrðingar, ábyrgist ekki né tryggir (beint eða óbeint) að vörur eða þjónusta verði í boði með sama útliti, í sömu stærðum eða í sama ástandi á mismunandi svæðum eða í mismunandi löndum og að slíkar vörur eða þjónusta geti heyrt undir aðrar lögbundnar kröfur. Reynir þú að sækja eða nota þetta app í landi eða á svæði þar sem það hefur ekki verið samþykkt til notkunar, er það á þína eigin áhættu og Ascensia mun ekki samþykkja neina ábyrgð á slíkri notkun.
- 24. Skaðabætur.** Að því marki sem lög leyfa samþykkir þú að gera skaðlaust, án tjóns og verja Ascensia, hlutdeildarfélög þess og viðkomandi yfirmenn, stjórnendur, starfsfólk og fulltrúa frá og gagnvart öllum kröfum, skaðabótum, tapi, skaða, kostnaði og útgjöldum (þar á meðal þóknunum til lögfræðinga og sérfræðinga), sem fallið gætu til hjá einhverjum þeirra í tengslum við (a) aðgang þinn að, notkun á eða meinta notkun á þessu appi, (b) öll saknæm brot á leyfinu sem framin eru af þér eða öðrum á þínu heimilishaldi eða fyrirtæki eða á annan hátt í tengslum við notkun þína eða þeirra á þessu appi, og (d) svik, vísvitandi misferli, saknæmt athæfi eða vítaverða vanrækslu þína. Upphæð fébóta í samræmi við þennan hluta 24 skal takmarkast við hæstu upphæð sem er endurheimtanleg samkvæmt lögum í þeirri lögsögu sem þú hefur búsetu í.
- 25. Vörumerki.** „Ascensia“, „Contour“ og öll önnur vörumerki sem notuð eru í tengslum við þetta app eru vörumerki Ascensia. Þú samþykkir að birta ekki né nota á neinn hátt slík vörumerki án fyrirliggjandi skriflegs leyfis frá Ascensia.

- 26. Breytingar á þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur.** Við áskiljum okkur rétt, að eigin geðþótta, til að breyta þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur héðan í frá og hvenær sem er. Ef við breytum þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur á þann hátt sem breytir réttindum þínum eða skyldum efnislega, munt þú fá tækifæri til að samþykka hin nýju ákvæði og skilmála. Ef þú samþykkir, mun breyttur leyfissamningur fyrir endanlega notendur gilda um notkun þína á þessu appi þar sem hinn nýi leyfissamningur fyrir endanlega notendur verður bindandi fyrir þig. Smávægilegar breytingar á þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur taka gildi strax við útgáfu. Ágreiningur sem kemur upp vegna þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur verður leystur í samræmi við útgáfu þess leyfissamnings fyrir endanlega notendur sem var í gildi á þeim tíma sem ágreiningurinn kom upp. Við uppfærum mögulega þetta app endrum og eins og við gætum breytt innihaldinu hvenær sem er. Vinsamlegast athugaðu hins vegar að hvaða hluti sem er af efninu í þessu appi gæti orðið úreltur hvenær sem er og okkur ber engin skylda til að uppfæra það. Við ábyrgjumst ekki að þetta app, eða neitt efni þess, verði laust við villur eða yfirsjónir.
- 27. Almenn.** Þetta leyfi myndar heildarsamninginn milli þín og Ascensia með tilliti til þessa apps og gengur framur öllum tillögum og öllum fyrri tillögum, samningagerðum, samtölum, viðræðum og samkomulagi milli þín og Ascensia varðandi þetta app. Ekkert sem er að finna í þessu leyfi skal teljast stofna til sambands læknis og sjúklings, samstarfs, umboðs eða ráðningarsambands milli þín og Ascensia. Við slit þessa leyfis af einhverjum ástæðum, skulu hlutar 8 (*Gagnanotkun*), 12 (*Hugverkaréttindi*), 13 (*Öryggisafrit*), 14 (*Ekki skal lagt allt traust á upplýsingar*), 17 (*Fyrirvari*), 19 (*Takmörkuð ábyrgð*), 24 (*Skadabætur*), 25 (*Vörumerki*) og 30 (*Gildandi lög og varnarþing*) áfram halda fullu gildi sínu. Afsal eða misbrestur á að nýta á einhvern hátt þau réttindi sem kveðið er á um í þessu leyfi skal ekki teljast vera afsal á neinum frekari réttindum samkvæmt þessu leyfi. Ef eitthvert ákvæði þessa leyfis telst á endanum vera ólöglegt, ógilt eða óframfylgjanlegt af einhverri ástæðu, skal það ákvæði vera aðskiljanlegt frá þessu leyfi og skal ekki hafa áhrif á gildi og framfylgjanleika neinna eftirstandandi ákvæða. Þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur er bundinn við notandann og ekki má flytja hann, framselja, gefa undirleyfi fyrir honum eða skipta á honum af neinni ástæðu. Allar þýðingar á þessu leyfi fara fram vegna krafna á viðkomandi stað og, að því marki sem gildandi lög leyfa, ef það kemur til ágreinings milli útgáfu á ensku og á öðrum tungumálum en ensku, skal enska útgáfan af þessu leyfi ráða. Við getum framselt réttindi okkar og skyldur samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur til annars fyrirtækis, en það mun ekki hafa áhrif á réttindi þín og skyldur samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur.
- 28. Skattar og gjöld.** Þú berð ábyrgð á greiðslu á öllum sköttum, gjöldum eða álögum sem eru mögulega lagðar á nú eða héðan í frá af yfirvaldi samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur fyrir veitingu, notkun eða viðhaldi á þessu appi og/eða nokkurri notkun á þessu appi, þar á meðal í tengslum við skatta, gjöld eða álögur í tengsl við nettengingu og notkun að því marki sem lög leyfa, og ef eitthvað af ofangreindum sköttum, gjöldum eða álögum er á einhverjum tíma greitt af Ascensia skalt þú endurgreiða Ascensia að fullu sé þess farið á leit.
- 29. Framsal.** Ascensia gæti framselt, flutt, skipt eða veitt undirleyfi fyrir einhverjum eða öllum réttindum sínum eða úthlutað einhverjum eða öllum skyldum sínum samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur án nokkurs fyrirbyggjandi skriflegs samþykkis ef slíkt framsal og/eða úthlutun er til hlutdeildarfélags innan Ascensia fyrirtækjasamstæðunnar eða til arftaka Ascensia Diabetes Care Holdings AG með kaupum á öllum eða nánast öllum eignum þess.
- 30. Gildandi lög og varnarþing.** Þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur, efni hans og framsetning, heyrir undir og skal túlkaður í samræmi við lög í Sviss án þess að neinn ágreiningur um lagareglur komi upp. Lögbundin ákvæði um neytendavernd vegna lögsögu búsetu notandans skulu gilda og eru ekki útilokuð vegna þessa vals á lögum. Þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur skal ekki heyra undir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja, en beiting hans er sérstaklega útilokuð. Að undanskildum rússneskum notendum skal dómstóll í borginni Basel, Sviss, einn hafa lögsögu yfir öllum ágreiningi sem upp kemur vegna eða í tengslum við þennan leyfissamning fyrir endanlega notendur.

Eftirfarandi á við um rússneska notendur: Allur ágreiningur sem kemur upp eða í tengslum við þennan leyfissamning fyrir endanlega notendur skal leystur annaðhvort af dómstóli þar sem Ascensia er staðsett eða á þeim stað sem þú hefur búsetu, allt eftir því sem viðkomandi kröfuhafi kys.

- 31. Endurgjöf.** Viljir þú leggja fram álit eða tillögur varðandi upplifun þína á þessu appi („endurgjöf“), veitir þú hér með Ascensia ótakmarkaðan, ótímasettan, óafturkallanlegan, almennan, fullgreiddan rétt sem er án rétthafagreiddisla, til að nýta slíka endurgjöf á hvaða hátt sem er og í hvaða tilgangi sem er, þar á meðal til að betrubæta þetta app og búa til aðrar vörur og þjónustu.
- 32. Óviðráðanleg atvik.** Að því marki sem gildandi lög leyfa, skal Ascensia vera undanþegið framfylgd þessa leyfissamnings fyrir endanlega notendur í þann tíma sem það er hindrað í eða tafið við að framfylgja skyldum sínum samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur, í heild sinni eða að hluta, vegna óviðráðanlegs

atviks eða raðar slíkra atvika, sem er af völdum: (a) veðurskilyrða eða annarra náttúruafla eða náttúruhamfara, (b) styrjalda, hryðjuverka, uppreisnar, óeirða, borgararósturs eða andspyrnu, (c) sóttkvíar eða viðskiptabanns, (d) truflana eða niðurtíma á fjarskiptum, netkerfum, tölvum, netþjónum eða interneti, eða (e) annarra orsaka sem er utan sanngjarnrar stjórnar Ascensia.

- 33. Fyrirvari varðandi Apple.** Þessi hluti 33 gildir aðeins að því marki að sem þú notar þetta app á iOS tæki. Þú samþykkir að þessi leyfissamningur fyrir endanlega notendur er á milli þín og Ascensia eingöngu, ekki við Apple og Apple ber ekki ábyrgð á þessu appi og efni sem lýtur að því. Apple ber alls engar skyldur til að sjá fyrir neinu viðhaldi og stuðningsþjónustu með tilliti til appsins. Verði uppi misbrestur á því að þetta app samræmist gildandi ábyrgð, getur þú tilkynnt Apple um það og Apple mun endurgreiða allt viðkomandi kaupverð á þessu appi til þín og, að því marki sem gildandi lög leyfa, Apple hefur alls engar aðrar skyldur um ábyrgð með tilliti til þessa apps. Apple ber ekki ábyrgð á að taka á neinum kröfum frá þér eða þriðja aðila er lúta að þessu appi eða eign þinni og/eða notkun á þessu appi, þar á meðal: (a) kröfum vegna vöruábyrgðar, (b) kröfum um að þetta app samræmist ekki gildandi lagalegum eða stjórnsýslulegum kröfum og (c) kröfum vegna neytendaverndar, persónuverndar eða álíka löggjafar. Apple ber ekki ábyrgð á rannsókn, vörn, sátt og lausn á kröfum þriðja aðila um að þetta app og/eða eign þín og notkun á þessu appi brjóti gegn hugverkaréttindum þriðja aðila. Þú samþykkir að fara eftir öllum gildandi skilmálum þriðja aðila þegar þú notar þetta app. Apple og dótturfyrirtæki Apple eru haghafar þriðja aðila samkvæmt þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur og við samþykki þitt á þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur mun Apple hafa rétt (og mun teljast hafa samþykkt þann rétt) á að framfylgja þessum leyfissamningi fyrir endanlega notendur gagnvart þér sem haghafa þriðja aðila samkvæmt þessum samningi. Þú staðhæfir hér með og ábyrgist að (x) þú sért ekki staðsett(ur) í landi sem heyrir undir viðskiptabann bandarískra stjórnvalda eða hefur verið útnefnt af bandarískum stjórnvöldum sem land sem „styður við hryðjuverkamenn“, og (y) að þú sért ekki á lista bandarískra stjórnvalda yfir bannaða eða takmarkaða aðila.
- 34. Hafðu samband.** Hafir þú spurningar, athugasemdir, kvartanir og/eða kröfur með tilliti til þessa EULA, skulu þær sendar til Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss.